

Kjarasamningur SA/SGS um starfsfólk veitinga- og greiðasöluastaða.

1. KAFLI

Um dyraverði:

Grein 1.25 falli niður þar sem efni hennar er komið í grein 1.14 skv. nýrri tillögu.

Grein 1.14 verði: „Þernur, næturverðir og dyraverðir.”

Ný grein 1.14.4,:

„Við ráðningu dyravarða skal skilgreina starfssvið þeirra í skriflegum ráðningarsamningi. Auk ráðningarkjara skal tekið fram að viðkomandi aðili uppfylli skilyrði 18. gr. reglugerðar nr. 585/2005 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til að gegna starfi dyravarðar. Starfssvið dyravarðar er að halda uppi röð og reglu innanhúss og í biðröð gesta utan dyra, auk annarra starfa sem vinnuveitandi felur honum.”

(Skýringarákvæði fylgir með vísun í reglugerð)

Um fundi á vinnustað

Nýtt sérákvæði verði þannig:

„Á vinnustöðum þar sem trúnaðarmaður hefur ekki verið tilnefndur er fulltrúa stéttarfélags heimilt að boða til fundar með starfsfólki á vinnustað. Leitast skal við að halda fund á þeim tíma sem veldur ekki truflun á starfsemi fyrirtækisins. Skal því samþykki stjórnenda fyrir fundarstað og fundartíma liggja fyrir áður en fundur er boðaður.”

18. KAFLI Starfsmenntun

18.1. Um umsjónarnefnd starfsmenntunar verði þannig;

„Samningsaðilar skipi þrjá menn hvor í nefnd, sem hafi það hlutverk að skipuleggja og hrinda úr vör starfsmenntun í þágu þessarar greinar atvinnulífsins. Nefndin leitar eftir samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, og aðrar fræðslumiðstöðvar, stofnanir og ráðuneyti, eftir því sem við á og æskilegt er hverju sinni. Nefndin setji sér sjálf starfsreglur.”